

Leikskólinn Skerjagarður

2021 – 2022



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
- Greinargerð leikskólastjóra	4
1 Ytra mat	8
o Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022	9
- Innra mat Ból 2020-2021	10
1.1 Niðurstöður innra mats Bóls starfsárið 2020-2021	11
o Innra mat Ból 2021-2022	12
- Innra mat Bakka 2020-2021	13
1.2 Niðurstöður innra mats Bakka starfsárið 2020-2021	13
o Innra mat Bakka 2021-2022	15
- Innra mat sérkennslu	16
1.3 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022	16
- Innra mat – fjöltyngd börn	17
o Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	17
- Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
- Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	19
- Foreldrasamvinna	20
- Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
- Fylgigögn	21
o Gátlisti fyrir útikennslu.	21
o Gátlisti fyrir lubbastund.	21
o Gátlisti fyrir deildafundi og starfsdaga	21
o Umsögn foreldraráðs	21
- Umsögn foreldraráðs:	23



Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Rekstraraðilar eru Söldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson. Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 50 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum sextán mánaða til tveggja og hálfis árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfis árs til sex ára.



Leiðarljós leikskólans

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „*staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð*“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi

- Greinargerð leikskólastjóra

Á Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira. Það sem einkennir okkur á Skerjagarði er að við leggjum okkur fram við að skoða okkur í starfi, taka framförum og höfum metnað til að gera faglegt starf betra.

Á síðasta skólaári unnum við markvist eftir umbótaáætlun ársins á undan. Þó tímarnir hafi verið óvenjulegir þá hefur starfið einkenst af miklum metnaði og fagmennsku. Kennarar voru meðvitaðir um að meta starfið jafnóðum. Við fléttum okkar kennsluhætti við grunnþætti menntunar. Við teljum okkur vera góð í skapandi starfi, við leggjum áherslu á lýðræði og að raddir barnanna fái að heyrast. Gaman hvað kennurum tókst að vinna eftir umbótaþætti síðasta árs sérstaklega hvað allt var sýnilegt og fléttaðist inn í allt starf með áherslu á læsi.

Deildarstarfið á Bóli sem er yngri deild skólans fór vel af stað á þessu skólaári. Breytingar voru gerðar á flæði á deildinni. Þær breytingar voru að deildin var meira aldurskipt og hópastjórar fylgdu alltaf sama barnahópnum. Starfið á síðasta skólaári var mjög skapandi á Bóli og allir starfsmenn áhugasamir og virkir í leik og skapandi vinnu. Skemmtilegar þemavikur þar sem unnið var með litina á fjölbreyttan hátt. Eldri börnin á deildinni eru með dagskipulag þar sem unnið er markvisst t.d með útikennslu og Lubbastundir, þar sem lögð er áhersla á læsi. Vináttuverkefnið Blær er hluti af þeirra starfi. Mikil metnaður hefur verið á Bóli og kennarar hafa verið duglegir og skapandi að finna krefjandi verkefni fyrir börnin. Það má líka segja að við horfum ekki á afurðir sem markmið heldur ferlið að börnin fá að flæða milli svæða. Þó við séum með skipulagðar stundir þá hefur barnið alltaf val um að taka þátt t.d að vinna með leir eða mála. Leikurinn er allsráðandi á Bóli og auðvitað opin efniviður börnin fá tækifæri til að kanna og rannsaka umhverfi sitt.

Deildarstarfið á Bakka fór vel af stað á þessu skólaári. Hugmyndavefur og markmið voru strax skýr í upphafi. Eldri hópurinn tók fyrir verkefnið um geimverur og tröll, sem eru mjög ólík viðfangsefni, sem var algjörlega eftir áhugasviði barnanna. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu kennarar hafa dýpkað sig í könnunaraðferðinni. Allur efniviður var aðgengilegur fyrir alla, vefurinn sýnilegur og stöðugt ný þekking að bætast við vefinn.



Viðfangsefnið fléttaðist inn í allt starf og leik barnanna. Geimverur og tröll sem voru jafnvel með Covid voru allsráðandi. Ekki var farið í skipulagðar vettfangsferðir, þá var samt stórkostlegt að sjá hversu frjó og skapandi börnin og kennararnir voru, bæði í að afla upplýsinga á netinu og í bókum. Það var ánægjulegt hvað foreldrar voru vel upplýstir um starfið í gegnum tölvupóst og karellen. Foreldrar tóku þátt í verkefninu, börnin komu með hugmyndir og bækur að heiman.

Aðlögun hjá yngri börnunum á Bakka gekk vel og áhersla lögð á að efla sjálfshjálp og skapa öryggi í barnahópnum. Unnin voru verkefni tengd haustinu. Eftir áramót var mikill áhugi á tröllum sem hófst í kjölfar þorrans og eftir sögustundir með íslenskum ævintýrum. Veturinn hefur einkennst af því að grípa tækifærin og skemmtilegast þegar verkefnin hafa komið óvænt upp í hendunar á okkur og þau framkvæmd. Dæmi: þegar ljóst var að ekkert yrði af jólaballinu vegna Covid og ljóst var að jólaballið mundi vera í leikskólanum. Börnin bentu á að við ættum ekkert jólatré. Þá var haldinn fundur og börnin komu með hugmynd um að búa til okkar eigið jólatré. Öll deildin vann að þessu skemmtilega hópverkefni. Auðvitað var haldið glæsilegt jólaball með heimatilbúnu jólatré, það fallegasta í heimi, allt gert frá grunni, tréð og allt skraut. Þarna fékk lýðræði barnanna og ákvörðunartaka algjörlega að ráða. Ekki má gleyma eldfjallaáhuganum, börnin unnu saman að því að búa til stórt eldfjall sem endaði á gjörningi í garðinum á Skerjagarði.



Við höfum haldið áfram að vinna með vináttuverkefnið og ánægjulegt hvað við erum að dýpka okkur í því. Með ýmsum útfærslum að frumkvæði barnanna var gert heimili og fót á Blæ. Blær fer reglulega heim með börnunum og honum fylgir samskiptabók. Góð leið í samstarfi heimilis og skóla. Vináttuverkefnið er komið inn í allt starf á Skerjagarði enda teljum við mikilvægt að vinna með samskipti allra í skólasamfélaginu. Þó að aðstæður hafi verið fordæmalausar og stundum vantað starfsfólk

hefur það síður en svo komið niður á starfinu. Veturinn hefur einkennst að jákvæðni, sköpunarkrafti og gleði þrátt fyrir allt á báðum deildum Bakka og Bóli.

Það hefur margt spennandi og skemmtilegt gerst á síðasta skólaári, við vorum með ákveðna umbótaþætti sem við vorum að að vinna með á þessu skólaári. Í könnunaraðferðinni náðum við að koma læsi meira að, ritmálið gert sýnilegra, orð voru tekin út og voru höfð sýnileg upp á vegg. Það hefur flest tekist vel og við sátst en líka annað sem við viljum gera betur og dýpka okkur enn meira í. Við viljum innleiða Lubba betur inn í alla hópa á Skerjagarði, það kom skýrt fram í matinu hjá okkur. Ákveðnir starfsmenn og sérkennslustjóri vinna núna saman og taka til efni og undirbúa Lubbastundir fyrir næsta haust. Þeir kynna það síðan á starfsdegi. Það er gott að taka fyrir sama umbótaþáttinn á næsta skólaári og gera þá enn betri.

Við fórum líka í að meta hluti sem við vorum ekki með á plani. Börnin voru fengin til að meta starfið því við viljum að raddir barnanna heyrist og þau fái að koma að borðinu þegar ákvarðanir eru teknar.



Börnin fóru með myndavél um deildina sína og voru beðin um að taka myndir af því leikefni eða stöðum sem þeim finnst gaman að leika og þeim stöðum sem þau hafa ekki eins gaman

af. Þegar börnin höfðu lokið við gagnaöflun sína með ljósmyndum voru ljósmyndirnar nýttar sem kveikjur að samtali við börnin og sem rammi utan um umræður. Eftir þessar umræður kom í ljós að börnin langaði að leika og búa eitthvað til fyrir Blæ bangsann sinn sem hefur hingað til verið notaður í stundum sem tengjast vináttuverkefni Barnaheilla. Það var krafa barnanna við upphaf verkefnisins að þau langaði að búa eitthvað til fyrir Blæ og leika með það sem gert var. Það voru tveir strákar sem ákváðu að gera koju fyrir sína bangsa og ákváðu í sameiningu að bangsarnir skildu skiptast á að sofa í efri kojunni viku og viku í senn. Þessi hugmynd þeirra vakti athygli og áhuga hinna barnanna. Þarna mátti sjá gott dæmi hvernig börnin eru fær um að taka ákvarðanir, vinna saman í hóp sem þau velja sér og beita lýðræði við ákvarðanatöku, án þess að kennarinn kæmi neitt að því. Gaman er að sjá að innlögnin sem hefur verið um vináttu í tengslum við Blæ bangsa hefur skilað sér í frjálsan leik og sköpun barnanna. Blær var eingöngu notaður í skipulögðum stundum. Að okkar mati mættum við vera duglegri að láta börnin meta starfið og skapa sitt eigið leikefni eins og gert var með Blæ. Núna skipar hann stóran sess í leik barnanna sem hefur hingað til ekki verið algjörlega að þeirra frumkvæði. Það varð til í raun nýr Blær heimur á Bakka.

Við á Skerjagarði störfum á jafnréttisgrundvelli allir vinna sem ein heild þannig að kennarar hafa trú á gæðum í leikskólastarfinu. Síðasta skólaár var gott og hlökkum við til næsta skólárs.



1 Ytra mat

Viðhorfsskönnun til foreldra barna í leikskólanum Skerjagarði fór fram á vegum skóla- og frístundasviðs í mars 2020. Við vorum ánægð með hvað við komum vel út og hvað margir tóku þátt. Við fengum líka skemmtilegar athugasemdir frá foreldrum. Það komu eingöngu jákvæðar athugasemdir frá foreldrum sem var einstaklega gott fyrir starfsmannahópinn. Hér koma nokkrir punktar:

„Algjörlega framúrskarandi leikskólastarf. Skerjagarður besti leikskólinn og æðislegt starfsfólk“

„Skerjagarður er stórkostlegur leikskóli og við erum yfir okkur ánægð með að barnið fái svo gott atlæti sem raun ber vitni“

„Ótrulega vel tekið á vandamálum barns, stöðugt fylgt eftir, vinalegt andrúmsloft og stutt í gleðina“

„Ég get ekki þakkað starfsfólki Skerjagarðs nóg fyrir allt sem þau gera fyrir barnið og mig. Starfsandinn er dásamlegur og manni finnst eiginlega það að koma í leikskólann eins og að koma heim til vinnu sinna. Hlýlegt andrúmsloft, öruggt, gaman jákvæðni allt típtopp... Treysti þeim 110% fyrir barninu mínu og vildi að öllum liði eins vel með leikskóla barnana sinna eins og ég geri. Reykjavíkurborg ætti að taka þau til fyrirmyndar“

„Skerjagarður er yndislegur leikskóli. Ég myndi keyra landhlutana á milli með barnið mitt. Takk fyrir okkur“

Þó svo að upplýsingaflæði til foreldra hafi verið gott, þá lögðum við okkur fram við að gera enn betur. Þetta bætta upplýsingaflæði hefur orðið til þess að foreldrar taka aukinn þátt í starfinu, með því að börnin koma með efnivið að heiman og bækur. Við ætlum að hafa þennan umbótaþátt aftur á næsta skólaári og halda áfram því góða starfi við foreldra sem tengist vinnu barnanna hér á Skerjagarði.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.	Í foreldraviðtölum að vorönn. Matið á fagfundum reglulega.	Stjórnendur og foreldrar.	Almenn ánægja meðal foreldra um bætt upplýsingaflæði. Foreldrar betur upplýstir um það viðfangsefni sem tekið er fyrir.



○ Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Yfirfara leiðbeiningaviðtölin sníða þau betur eftir starfinu í dag og deildunum.	Starfsfólk sé betur upplýst um vinnuaðferðir og menningu Skerjagarðs. Sníða viðtölin að yngri og eldri deild skólans.	Leiðbeiningavi ðtölin gefi góða mynd af vinnuaðferðu m og allir ná að tileinka sér þær.	Leikskólast jóri og aðstoðarlei kskólatjóri.	Sept. 2021	Sept 2022	Farið yfir á fagfundi. Og í starfsþróunarvið tölum.	Þau séu hnitmiðari og fagfólki gangi betur að halda utan um spurningar sem þar koma fram.
Uppeldis- og menntastarf							
Innleiðing á Lubbi finnur málbein/ Íslensku máhljóðin kennd, sýnd og sungin.	Samræma almenna notkun á Lubba námsefninu í skólanum. Taka saman efni, gera vikulegar áætlanir Fyrir allan leikskólann.	Gerð áætlun fyrir allan skólann. Námskeið á starfsdegi. Stjórnendur/st arfsmenn miðla til starfsmanna og stýra ferlinu.	Stjórnendu r.	Septem ber 2021	Septe mber 2022	Áætlun um lubbaverkenið er metið á fagfundum. Metið á deildarfundum með starfsfólki, gátlisti.	Starfsfólk tileinki sér vinnu aðferðir Lubba og fylgi áætlun. Lubbastundir séu markvissar á báðum deildum og öllum hópum. Tvisvar í viku.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Jákvæð samskipti. Allir starfsmenn hafi rödd.	Allir fá tækifæri að tjá sig. Ná til allra starfsmanna.	Stjórnendur hvetja starfsmenn í upphafi starfsmannafu ndar/deildafun dum fyrir og eftir áramót. Fundagerðir/k affidúkur.	Stjórnendu r leikskólans .	Maí 2021	Sept. 2022	Farið yfir fundagerðir/ og umræður. Í starfsviðtölum og leiðbeingarviðtöl um metið með starfsmanni hvernig gengur.	Að við sjáum að allir hafi rödd, finni sig öruggt að tjá sig í hóp.



- Innra mat Ból 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæði deildarinnar verður aldurskipt í skapandi starfi og í frjálsu leik.	Starfsfólk sé öruggara og hafi betri yfirsýn yfir hópinn. Efniviður verður meira krefjandi á svæðunum .	Hvernig framkvæmum við það? Starfsmenn fygi ákveðnum aldri barna. Ákveðin efniviður verður í boði.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Allir starfsmenn, deildarstjóri og leikskólastjóri leiða verkefnið.	Sept 2020	Apríl	Hvaða aðferðir á að nota? Farið hálfsmánaðrlega yfir á deildarfundum farið yfir gátlista sem notað er í flæðinu. Deildarstjóri og leikskólastjóri fara yfir þessa þætti í leiðbeingarviðtölu m og starfsviðtölum.	Að starfsmenn séu öruggari hafi betri yfirsýn með sinn aldurshóp Starfsmenn verði öruggari og líði betur með efniviðinn út frá þroska og getu barnanna.
Innleiða Lubba stundir í litlum samverustundum.	Ýta undir læsi. Að allir fá metnað þekki mikilvægi læsis og hafi áhrif á nám barna.	Innleiða Lubba með námskeið í september 2020. Lubbastundir tvisvar í viku í litlum hóp.	Lykilstarfsmenn í yngri og eldri hóp. Með aðstoð deildarstjóra.	Sept 2020. Eftir starfsdag.	Maí 2020	Á deildarfundum umræður. Gátlisti til starfsmanna hvernig gengur að tileinka sér Lubba.	Starfsfólk sé virkt í samverustun d öðlist þekkingu á mikilvægi á Lubbastunda og læsis.



1.1 Niðurstöður innra mats Bóls starfsárið 2020-2021

Flæði deildarinnar var aldursskipt í skapandi starfi og frjálsum leik. Í heildina gekk vel hjá starfsmönnum að halda utan um sinn hóp og starfsfólki þótti efniviðurinn sýnilegri og aðgengilegri í starfi með börnunum.

- **Styrkleikar:** Starfsfólk deildarinnar er ánægt með hvernig tókst til. Starfsmenn eru öruggari og þeim líður betur með efniviðinn út frá getu og þroska barnanna. Starfsmenn hafa betri yfirsýn yfir þarfir og langanir hvers barns í hópnum.
- **Tækifæri til umbóta:** Fram kom í matinu að gaman væri fyrir næsta skólaár að gera hugmyndabanka um efnivið sem hægt væri að nýta á skapandi hátt í flæðinu. Til eru skemmtilegar hugmyndir úr starfi, þær settar í hugmyndamöppu, ásamt nýjum hugmyndum. Starfsmenn ætla að fara yfir hugmyndir á deildarfundum og stjórnendur setja myndir úr skapandi starfi á sameiginlega Facebook síðu starfsmanna á komandi starfsári. Þannig geta starfsmenn komið með hugmyndir og miðlað reynslu af skapandi starfi. Þessi umbótaþáttur verður metinn á næsta skólaári.



Innleiðing Lubbastunda í litlum samverustundum gekk ekki eins og við ætluðum okkur. Við náðum ekki að vinna sem heild og náðist heldur ekki að halda námskeið um námsefnið Lubbi finnur málbein.

- **Styrkleikar:** starfsmenn eldri hópsins á deildinni fóru af stað með skipulagðar stundir.
- **Tækifæri til umbóta:** Fram kom í mati á Lubbaverkefninu að starfsmenn vilja innleiða Lubba á markvissari hátt, því þurfa allir starfsmenn að þekkja efnið og taka þátt í stundunum svo það finni sig öruggt. Á næsta skólaári verður gerð áætlun yfir allan skólann þar sem innlögð og vinnuaðferðir verða samræmdar fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Þessi umbótaþáttur verður metinn aftur á næsta skólaári, ekki inn á hverri deild heldur í heildarmati yfir allan skólann þar sem deildirnar fylgjast að.

○ Innra mat Ból 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hugmyndabanki um efnivið og nýtingu hans á skapandi hátt	Auðvelda starfsfólki að fá hugmyndir að skapandi starfi þannig að það finni sig öruggt í vinnu með börnunum. Geti sýnt frumkvæði í starfi.	Hugmyndir teknar saman og gerður hugmynda- banki. Aðgengilegur öllum starfsmönnum Hópstjórar taka saman hugmyndir.	Deildarstjóri og leikskólastjóri	Ágúst 2021	Júní 2022	Á deildarfundum með fundargerðum. Starfsdegi í október með umræðum og skráningu.	Gamlar og nýjar hugmyndir í möppu. Starfsfólk sé öruggt í skapandi starfi hafi aðgang að hugmyndum um hvernig megi vinna með börnunum á fjölbreyttan hátt.



- Innra mat Bakka 2020-2021

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi fléttað inn í allt starf. Ritmál sýnilegra í því viðfangsefni sem verið er að taka fyrir. Innleiða Lubba.	Hafa ritmálið sýnilegt. Tengja ritmálið við viðfangsefnið sem unnið er með hverju sinni. Ýta undir læsi. Að allir fá metnað þekki mikilvægi læsis og hafi áhrif á nám barna.	Hafa skriffæri í boði á leiksvæðum. Taka orð úr viðfangsefni sem unnið er með og gera þau sýnileg upp á vegg. (t.d hafið) Innleiða Lubba með námskeið í september 2020. Lubbastundir tvisvar í viku í litlum hóp.	Allir starfsmenn, deildarstjórar og leikskólastjór i leiða verkefnið.	Sept 2020	Apríl 2021	Farið hálfsmánaðrleg a yfir á deildarfundum. Skoða skráningar í ferlinu. Gátlisti til starfsmanna hvernig gengur að tileinka sér Lubba.	Að við sjáum að ferlið í könnunaraðferðinn i sé sýnilegra. Orð og myndir upp um alla vegg. Starfsfólk sé virkt og öðlist þekkingu á mikilvægi Lubbastunda og læsis.

1.2 Niðurstöður innra mats Bakka starfsárið 2020-2021

Innleiðing Lubbastunda í litlum samverustundum gekk ekki eins og við ætluðum okkur. Við náðum ekki að vinna sem heild og náðist ekki að halda námskeið um námsefnið Lubbi finnur málbein.

- **Styrkleikar:** starfsmenn eldri hópsins á deildinni fóru af stað með skipulagðar stundir.
- **Tækifæri til umbóta:** heildarmat leikskólans varð til þessa að innleiða Lubba verkefnið á markvissari hátt þurfa allir starfsmenn að þekkja efnið og taka þátt í stundunum svo það finni sig öruggt. Á næsta skólaári verður gerð áætlun yfir allan skólann þar sem innlögð og vinnuaðferðir verða samræmdar fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Þessi umbótaþáttur verður metin aftur á næsta skólaári ekki inn á hverri deild heldur í heildarmati yfir allan skólann


Eftir matið er samhljómur um að læsi hefur aukist í öllu starfi. Starfsfólkið var meðvitaðara um mikilvægi þess að flétta læsi inn í könnunaraðferðina. Þegar unnið var með viðfangsefni í t.d könnunaraðferðinni var læsi mun sýnilegra.

- **Styrkleikar:** Í matinu kom fram að læsi var ríkjandi í öllu ferli könnunaraðferðarinnar. Vefur var sýnilegur upp á vegg og bætt var við hann í ferlinu jafnóðum, orð voru tekin úr viðfangsefninu og þau höfð sýnileg börnunum. Börnin voru hvött til að koma með bækur að heiman.
- **Tækifæri til umbóta:** Þessi umbótaþáttur hefur verið vel ígrundaður með starfsmannahópnum og ekki fundust veikleikar á þessum umbótaþætti. Var ákveðið að fara enn lengra með læsi og könnunaraðferðina. Okkur langar að vinna með læsi út frá okkar kennsluaðferðum á fjölbreyttari hátt eins og þegar börnin eru að vinna í þrívídd eða myndsköpun tengjum við ritmálið með. Í útikennslunni ætlum við að vinna með ritmálið t.d gera orð úr steinum og vinna í þrívídd.



○ Innra mat Bakka 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vinna með læsi á fjölbreyttan hátt í útikennslu. Vinna með orð og tölustafi.	Útikennslutöskur þar sem verkefni verða til staðar. Tölustafir og bókstafir, form og annar efniviður. Ýta undir læsi í útikennslu á fjölbreyttan hátt.	Aðgengilegt efni í bakpoka sem starfsfólk þekkir og kann að nota. Nýta þekkingu sem var á útikennslunámskeiði. Virkja starfsfólk að nota efnivið úr náttúrunni til að stuðla að læsi.	Deildarstjórar og leikskólastjóri.	Mai 2021	Sept 2022	Farið reglulega yfir á deildarfundum. Ljósmyndaskráning/ferilmöppur. Gátlisti.	Að við sjáum að efniviður sem hefur verið tekin saman fyrir útikennslu sé notaður á fjölbreyttan hátt.



- Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslustjóri fer með yfirumsjón sérkennslu. Starfsfólk á hverri deild tekur að sér sérkennslu á sinni deild með handleiðslu sérkennslustjóra. Með þessu móti hugum við að menntun án aðgreiningar, þar sem reynt er að mæta hverju barni í barnahópnum. Starfsmaður var ráðinn inn á eldri deild til að koma til móts við þarfir barna með stuðning inn á deildinni. Sérkennslustjóri og deildarstjórar hafa tekið að sér einstaklingsþjálfun þegar þess þarf. Skráningar eru í ferilsmöppu hvers barns, ljósmyndaskráning, teikningum og frásögnum barnanna safnað úr daglegu starfi og hópastarfi. Hvert barn á einstaklingsnámsskrá þar sem markmið eru skráð. Skráning einstaklingskennslu fer fram eftir hverja vinnustund þar sem skráð er hvað var tekið fyrir og hvernig gekk. Í sumum tilfellum hefur verið stuðst við skráningarform viðurkenndra lista þegar það á við.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS er notað til að meta málþroska, ef grunur vaknar um frávík hafa verið kallaðir til viðeigandi aðilar. HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á síðasta ári í leikskólanum og fylgir þeim í grunnskóla.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ipad og app var keypt fyrir barn sem þarf að nota myndrænt skipulag þar sem athafnir dagsins eru brotnar upp. Ljósaborð og ker með leirsandi var keypt og skynjunarherbergi útbúið. Þar var einnig keypt tæki sem spilar róandi tónlist og varpar á vegginn eða loftið myndum sem minna á norðurljós. Hefur þetta herbergi komið sér vel fyrir börn sem eiga við skynúrvinnsluvanda.



1.3 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Betra upplýsingaflæði til allra starfsmanna leikskólans um börn með stuðning.	Að allir séu upplýstir um þær aðferðir sem verið er að vinna með hverju barni sem er með stuðning.	Sérkennslustjóri fer á deildarfundum einu sinni í mánuði. Fer yfir stuðningsbörn.	Sérkennslustjóri	Maí 2021	Apríl 2022	Skráningum á deildarfundum	Að allt starfsfólk skólans sé upplýst um vinnuaðferðir.



- Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keyptar voru fjölmargar bækur og spil sem ýta undir málþroska frá Super Duper, einnig voru keyptir stokkar frá Super Duper. Starfsfólk hefur útbúið efni, prentað út og plastað. Einnig var aukið við námsefnið Lubbi finnur málbein, bækur, bangsi og fleira sem tengist því.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allt starfsfólk leikskólans þekkir Gefðu 10 og nýtir það inn á deild og hefur sérkennslustjóri séð um að miðla þeirri hugmyndafræði til starfsfólks. Haldnar eru markvissar Lubba stundir þar sem unnið er með orðaforða. Starfsfólk er hvatt til að leggja orð á allar athafnir dagsins.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Starfsfólk leggur sig fram við að taka ákveðin orð fyrir þegar lesið er fyrir lítinn hóp barna og ræða orðin og auka skilning barnanna á þeim. Orð eru sérstaklega tekin fyrir þegar unnið er með ákveðið þema í könnunaraðferðinni, þau eru höfð sýnileg og umræða um merkingu þeirra. Haldnar eru markvissar Lubba stundir þar sem unnið er með orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn og eru niðurstöður úr TRAS notaðar við gerð hennar og einnig til að meta hvort þörf sé á frekara inngripi hjá hverju barni. Hljóm 2 er lagt fyrir öll börn. Einnig eru stuðst við Orðaskil fyrir þau börn sem þarf að skoða sérstaklega.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Reynt er að koma til móts við allar þær ólíku þarfir sem hver einstaklingur hefur. Notaðar eru til þess fjölbreyttar leiðir, þær sem hafa verið nefndar. Stuðst er við námsefni Barnaheilla, Vinátta, þar sem komið er inn á tilfinningar og félagsleg tengsl og tungumál, í þeim stundum er einnig framsögn og tjáning. Samverustundir eru nýttar á fjölbreyttan hátt sem dæmi til málörvunar og tjáningar. Börnin koma að gerð stundaskrár og velja „öðruvísi daga“ eins og minningardag þar sem allir koma með eitthvað frá sínu heimili og segja frá. Einnig velja börnin í sameiningu það viðfangsefni sem á að vinna með í könnunaraðferðinni hvert misseri og hafa frjálssar hendur í þekkingarleit sinni og sköpun með handleiðslu kennara.

○ Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Við erum með umbótaáætlun fyrir skólann sem tengist fjöltyngi og starfinu í heild. „Lubbi finnur málbein málörvunarverkefni“



- Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Nýir starfsmenn/kennarar voru teknir í leiðbeiningarviðtöl, það gerum við reglulega. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram að hrósa starfsfólki sínu og hvetja það til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott. Í starfsþróunar- viðtölunum kom það skýrt fram að þeir fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Eins kom vel fram að starfsfólk hefur áhuga á að sækja Blæ námskeið hjá Barnaheillum. Leggja meiri áherslu á læsi á báðum deildum. Ætlunin er að hafa Lubba námskeið fyrir alla í haust. Einnig kom fram að starfsfólki finnst gott hvernig við byrjum fundi en þar fá allir tækifæri að tjá sig um málefni sem tengjast vinnunni hvort sem það er líðan sín eða um starfið í heild. Eftir síðasta starfsdag var starfsfólk ánægt að vinna með jákvæð samskipti og fá fyrirlesara. Þó svo að góður starfsandi sé í húsi er alltaf mikilvægt og gott að minna sig á hvað góð samskipti skipta máli og að líðan starfsmanna í hópnum sé góð.



Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtal fara fram einu sinni á ári og fá starfsmenn þá punkta með áhersluatriðum fyrir viðtalið þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fara fram í mars-maí. Leiðbeiningarviðtöl eru á þriggja til fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð. Stjórnendur skólans telja þörf á að yfirfara og aðlaga leiðbeiningarviðtöl betur að deildunum.

Símenntun frá síðasta ári

- Miðju máls og læsis. Samtal um Lýðræði sköpun og margbreytileika. Tveir kennarar.
- Kennari kynnti könnunaraðferðina hjá Mímir símenntun.
- Jákvæð samskipti á vinnustað Pálmar Ragnarsson.
- Trúnaðarnámskeið Eflingar einn starfsmaður.

Áætlun um símenntun í leikskólanum

Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaráætlun á hverju ári. Starfspróun leikskólans fyrir næsta skólaár er að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem býðst og tengist starfi leikskólans. Það sem búið er að ákveða fyrir næsta skólaár er:

- Lubba námskeið á starfsdegi í sept.
- Námsferð erlendis dýpka okkur í skapandi starfi Reggio, ef Covid leyfir. (starfsdagar vor) Brighton
- Námskeið um vináttu Barnaheilla Blær starfsmenn á eldri og yngri deild.
- Skyndihjálpi.
- Fyrirlestur jákvæð samskipti.
- Mennta kvika 4 starfsmenn.

- Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik- og grunnskóla, Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Það verður sérstaklega lögð áhersla á styrkleika barnsins og áhugasvið þess, einnig hagnýt atriði sem gætu hjálpað barninu við flutninginn. Einnig hafa börnin svarað spurningum um sjálft sig sem þau telja að sé gott fyrir kennarann að vita. Það form var ákveðið á sameiginlegum fundi leik- og grunnskóla í maí 2019 en öll börn í Vesturbænum gera litla bók. Börnin á Skerjagarði eru búin að gera bók þar sem kemur fram væntingar til skólans og hvað þeim finnst skemmtilegt. Önnur gögn sem kennarar skila af sér á milli skólastiga eins og niðurstöður úr Hljóm 2

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
3. maí klukkan 10:00.	Börnin kynnst Bókasafni skólans og fá að skoða skólastofu.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
Skilafundur vegna barna sem eru að fara í Melaskóla haust 2021 (Óstaðfest vor 2021)	Farið yfir niðurstöður Hljóm-2 og umsögn með börnunum. .	Melaskóli.	Kennarar beggja skólastiga.
Óstaðfest vor 2021)	Kynnast Selinu frístund.	Melaskóli	Frístund og kennarar Skerjagarðs.
23. mars 13:30-15:00	Sameiginlegur fundur grunn-leik-frístundaheimila í vesturbæ. Farið yfir skil á milli skólastiga.	Tjörnin Frostaskjól.	Sérkennslust. Leikskólast.
Óstaðfest.	Heimsókn í íþróttatíma.	Melaskóli.	Deildarstjóri.

- Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðamenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs

- Telma Magnúsdóttir formaður
- Katrín Ólöf Egilsdóttir gjaldkeri
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Auður Karitas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.
- Sandra Ýr Dungdal meðstjórnandi.
- Anna Lúðvíksdóttir meðstjórnandi.

Framkvæmd starfsins

- Að hafa gaman saman og foreldrar hafi tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Efla samvinnu og samskipti leikskólans við fjölskyldur.
- Að stuðla að góðu upplýsingastreymi til foreldra.
- Að gagnkvæm virðing ríki á milli starfsfólks og foreldra
- Standa fyrir fræðslukvöldi fyrir foreldra á hverju skólaári reyndar ekki í ár vegna aðstæðna.
- Foreldrafélagið sér um uppákomur fyrir börnin fyrir utan leikskólatíma meðal annars: bíó í leikskólanum, húsdýragarðinn og sleðaferð.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið, foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum. Jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi í maí gefur foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð eins hefur verið farið í sveitaferð með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans.



Upplýsingagjöf

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu. Þessar upptökur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu Karellen fyrir foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum. Einnig hefur foreldrafélagið verið með í ráðum ef einhverjar breytingar verða á skólastarfi, þá er það lagt undir foreldraráðið.

Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. Þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið. Það er gert í lok maí og byrjun júní.
- Foreldrakynning á báðum deildum er að hausti í september, þar sem starfið og starfsfólk er kynnt.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á starfsári að hausti og vori.

Þar er farið yfir almennan þroska og líðan barnsins ásamt væntingum foreldra til leikskólans. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og ferilsbók. Vegna Covid og aðstæðna í þjóðfélaginu var ákveðið í samráði við foreldra að bjóða upp á að koma í viðtal eða hafa símafund, lögð var áhersla á hvað hentaði foreldrum best.

- Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal.

- Fylgigögn

- Gátlisti fyrir útikennslu.
- Gátlisti fyrir lubbastund.
- Gátlisti fyrir deildafundi og starfsdaga
- Umsögn foreldraráðs



Sóldís Harðardóttir

28.06.21

Leikskólastjóri

Dagsetning



- Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun Skerjagarðs fyrir árið 2020-2021 til yfirlstrar og lýsir ráðið yfir ánægju með áætlunina, sem og allt það starf sem unnið hefur verið í leikskólanum síðasta skólaár. Að mati foreldraráðs er áætlunin yfirgripsmikil og vel unnin. Á leikskólanum Skerjagarði er unnið metnaðarfullt og einstaklega faglegt og gott starf sem tekur mið af áhugasviði barnanna auk eflingu mikilvægra þátta í félagsfærni þeirra. Þrátt fyrir óvenjulega tíma hefur starf og starfsfólk leikskólans haldið sínu striki og unnið markvisst og af fullum metnaði eftir áætlun leikskólans og farið í umbætur þar sem þeirra hefur verið þörf. Mikil virðing er borin fyrir börnunum á Skerjagarði en þau fengu t.a.m. á þessu skólaári að taka þátt í mati á leikskólanum og fengu til þess viðeigandi verkfæri sem auðvelda þeim að koma skoðunum sínum á framfæri. Foreldraráðið lýsir yfir mikilli ánægju með að leikskólinn hafi tekið upp þessar aðferðir og ætli sér að gera meira af þeim í framtíðinni.

Foreldraráð hefur verið ánægt með Blæ og vináttuverkefni Barnaheilla, útikennslu og könnunaraðferðinni. Ráðinu þykir gott að sjá að lögð verði áhersla á að koma til móts við starfsmenn leikskólans sem telja þörf á frekari þjálfun eða upplýsingagjöf í innleiðingu Lubbastunda. Fram kemur í starfsáætlun að innleiðing hafi ekki gengið sem skildi á þessu skólaári en lögð verði sérstök áhersla á að auka þekkingu starfsmanna og safna saman efnivið fyrir næsta skólaár.

Samskipti foreldra og starfsmanna eru mjög góð og finna foreldrar fyrir því að starfsfólk kemur fram við börnin af virðingu og er umhugað um að þeim líði vel í leikskólanum. Foreldrar hafa greiðan aðgang að stjórnendum og eru virkir þátttakendur í starfi leikskólans en brugðist er við ef foreldrar koma með hugmyndir að umbótum í starfi. Foreldraráðið vinnur í nánú samstarfi við leikskólastjóra og hefur greiðan aðgang að húsnæði skólans til ýmissa viðburða utan skólatíma sem hefur gefið góða raun. Ánægja hefur verið með miklar úrbætur sem hafa orðið á forritinu Karellen sem leikskólinn notar í upplýsingagjöf. Þar gefst foreldrum kostur á að fylgjast með daglegu lífi í leikskólanum ásamt því að eiga í samskiptum við starfsmenn. Auk þess er önnur upplýsingagjöf til foreldra mjög góð. Jákvæðar athugasemdir foreldra í ytra mati endurspeglar fullkomlega almenna ánægju foreldra með skólann.

Það er upplifun foreldraráðs að leikskólinn einkennis af jákvæðni og gleði þar sem sköpunarkraftur er ríkjandi.

Telma Magnúsdóttir.



Foreldraráð leikskólans skipa:

- Telma Magnúsdóttir formaður
- Katrín Ólöf Egilsdóttir gjaldkeri
- Dagrún Davíðsdóttir meðstjórnandi.
- Auður Karitas Ásgeirsdóttir meðstjórnandi.
- Hildur Sif Jónsdóttir meðstjórnandi.
- Sandra Ýr Dungal meðstjórnandi.
- Anna Lúðvíksdóttir meðstjórnandi.

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.



Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Matsspurningar fyrir Ból : Deildarfundir og starfsdagar:

- Hvernig gengur flæðið? má einhverju breyta?
Hugmyndir til að auðga leikinn eins og í hreyfingu og fl?

- Samverustundir eru þrískiptar í hádegis.

- Eldri hópar hvernig gengur að taka góða Innihaldsríka samverustund á morgnanna á hópastarfsdögum Blær eða Lubbi?

- Matartímar viljum við breyta einhverju eða er allt gott?

- Fataklefinn er eitthvað sem við viljum bæta þar:

- Á morgnanna hafa nokkur börn og kennara inn af rennihurðinni. Hafa hurðina lokaða. Hafa verkefni á borði í eldhúsi og á deildinni.

- Getum við eitthvað breytt uppröðun á skilríðinu þannig að það væri hægt að hafa dúkkukrók og verðlaust efni til að leika með eins og mjólkurfernur og fl.

- Fara yfir hlutverk dagsins hjá okkur hvernig er að virka viljum við eitthvað öðruvísi plan/skiptingu er eitthvað óljóst?:

- Hugmyndir:

Búningar, könnunarleikurinn efniviður.

Gátlisti fyrir Lubbastundir:

Lubbastundir tvisvar í viku fyrir hvern hóp. fara yfir málhljóð vikunnar setja upp á vegg kenna tákníð fyrir málhljóðið. Finna orð eða nöfn sem málhljóðið finnst í, setja upp á vegg ásamt mynd (þegar það er hægt) þarf ekki að prenta út bara skrifa. Eitt málhljóð í 2 vikur í senn. Þá er upprifjun á fyrri málhljóðum og svo koll af kolli.

- Hvernig gengur mér að halda utan um Lubbastundir? Þarf ég eitthvað að laga?

- Mikilvægt að hafa málhljóð vikunnar sýnilegt með tákni. Hvernig gengur að setja málhljóð vikunnar sýnilegt upp á vegg og tileinka mér að nota táknin með málhljóðinu. ?

- Hvernig gengur að nýta hugmyndabankann fyrir Lubbastundir ?

Gátlisti útikennsla

Útikennslutöskur. Tölustafir og bókstafir, form og annar efniviður. Ýta undir læsi í útikennslu á fjölbreyttan

Hvernig gengur að nota töskunar í útikennslu?

Er allur efniviður sem á að vera í töskunum til staðar?

Hvaða leiki, efnivið hefur þú verið að nýta þennan mánuðin?

Upplifir þú að börnin hafi ánægju og áhuga á efninu (ljósmyndaskráning)?



Skóladagatal 2021 - 2022

gildi: Þunniræði skiptum

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ															
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ		1	S	Verkalyðsdagurinn	1	M										
2	M	Friðdagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	F		2	M		2	M		2	L		2	M		2	F							
3	Þ	Starfsdagur	3	F		3	S		3	M		3	F	Jólaball Skerjagarðs	3	M		3	F		3	S		3	Þ		3	F							
4	M		4	L		4	M		4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	F		4	M		4	M		4	L				
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F		5	S	Hvítasunnudagur			
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu			
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M		7	M		7	F		7	L		7	Þ				
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ	Foreldraviðtal Ból	8	F		8	S		8	M				
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M	Foreldraviðtal Ból	9	L		9	M		9	F				
10	Þ		10	F	Starfsdagur	10	S		10	M	Starfsdagur	10	F		10	M		10	F		10	F	Foreldraviðtal Bakki	10	S	Pálmásunnudagur	10	Þ		10	F				
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F	Foreldraviðtal Bakki	11	M		11	M		11	L				
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómanna dagurinn			
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M				
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M	Bolludagur	14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skírdagur	14	L	opið hús	14	Þ				
15	S		15	M		15	F		15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M	
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M		16	M		16	L		16	M		16	F	
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F		17	M		17	F		17	F		17	F		17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F		18	F		18	F		18	M	Annar í páskum	18	M		18	L	
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	S		19	M		19	L		19	L		19	L		19	Þ		19	F		19	S	
20	F		20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	S		20	M		20	F		20	M	
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Bóndadagur	21	M		21	M		21	M		21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ	
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ		22	Þ		22	F		22	S		22	M	
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa/Starfsdagur	23	S		23	M		23	M		23	M		23	L		23	M		23	F	
24	Þ		24	F		24	S		24	M	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F		24	F		24	F		24	S		24	Þ		24	F	
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ	ömmu - og afa kaffi	25	F		25	F		25	F		25	M		25	M	Starfsdagur	25	L	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ	Foreldraviðtal Ból	26	F		26	S	Annar í jólum	26	M	ömmu - og afa kaffi	26	L		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S	
27	F		27	M		27	M	Foreldraviðtal Ból	27	L		27	M		27	F	starfsdagur	27	S		27	S		27	S		27	M		27	F		27	M	
28	L		28	Þ		28	F	Foreldraviðtal Bakki	28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M		28	M		28	F		28	L		28	Þ	
29	S		29	M		29	F	Foreldraviðtal Bakki	29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	Þ		29	F		29	S		29	M	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	M		30	L		30	M		30	F	
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M								31	F						31	Þ						